

Ár 2012, fimmtudaginn 16. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

#### **1.1. Helga Ársælssyni frá 25. júlí 2012.**

Í bréfinu óskar bréfitari svara við spurningum varðandi álagningu B-gatnagerðargjalda í Reykjamörk árið 1999.

Bæjarráð vekur athygli á hversu langt er um liðið frá umræddum framkvæmdum eða 13 ár en fyrning krafna af þessu tagi er 10 ár skv. lögum. Ljóst er aftur á móti að við innheimtu B-gatnagerðargjalda á sínum tíma var innheimtur raunkostnaður við umrædda framkvæmd þar með fyrir snjóbræðslulagnir sem sannanlega voru lagðar. Ákvörðun um tengingu snjóbræðslunnar hefur ekki verið tekin.

#### **1.2. Heiðari Inga Heiðarssyni o.fl. frá 12. ágúst 2012.**

Í bréfinu óska bréfitarar eftir viðræðum við Hveragerðisbæ um afnot þeirra af hluta af kjallaranum undir íþróttahúsinu.

Bæjarráð tekur vel í áformin sem kynnt eru í bréfinu og telur að þau ættu hæglega að geta samræmst þeirri starfsemi sem þegar er í kjallaranum.

Menningar- og frístundafulltrúa er falið að ræða við bréfitara með það fyrir augum að ákjósanleg lausn finnist sem enn getur aukið nýtingu þessa rýmis.

### **2. Fjárhagsleg málefni:**

#### **2.1. Minnisblað frá bæjarstjóra v. almenningssamgangna frá 14. ágúst 2012.**

Í minnisblaðinu er fjallað um afslætti á almenningssamgöngum til þeirra einstaklinga sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu í framhalds- og háskólum.

Bæjarráð samþykkir að veita nemendum sem lögheimili eiga hér í bæ en stunda fullt nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu, 15% afslátt af 3 og 9 mánaða persónubundnum íbúakortum gegn framvísun gilds skólaskírteinis og kvittunar fyrir kaupum á umræddu korti. Kostnaður rúmist innan fjárhagsáætlunar.

2.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra v. almenningsamgangna – FSu frá 14. ágúst 2012.**

Í minnisblaðinu er fjallað um nýgerðan samning varðandi akstur nemenda í FSu en nú hefur sú breyting orðið að frá og með 20. ágúst 2012 geta nemendur sem stunda nám í FSu keypt sér nemakort í Strætó og fá þeir þar með fullan aðgang að almenningsamgöngum á öllu starfssvæði Almenningsamgangna SASS en þó ekki austur fyrir Hvolsvöll.

Bæjarráð samþykkti eftirfarandi bókun samhljóða:

Bæjarráð fagnar þessari nýbreytni en með þessu móti gefast ungmennum, hér í Hveragerði mun fjölbreyttari möguleikar á að koma sér á milli staða enda standa þeim nú til boða mörgum sinni fleiri ferðir og innifalin er tenging við höfuðborgarsvæðið allt. Jákvætt er einnig að fyrirkomulagið gildir einnig um helgar og í skólafríum. Með samkomulaginu er ljóst að þjónusta við þennan hóp íbúa okkar hefur tekið stórstíguum framförum en þau geta nú klæðskerasniðið ferðir sínar í FSu í samræmi við stundatöflu og félagslíf sem ekki var mögulegt áður.

2.3. **Minnisblað frá Lögmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. ágúst 2012.**

Í minnisblaðinu er farið yfir niðurstöðu fundar er haldinn var vegna orlofs húsmæðra en bæjarstjóri sótti þennan fund þar sem Hveragerðisbær hefur ítrekað gert athugasemdir við innheimtu gjalds af öllum íbúum til að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra.

Bæjarráð ítrekar þá skoðun að umrædd lög séu tímaskekkja í nútíma samfélagi og fullkomlega óeðlilegt sé að sveitarfélög séu með þessum hætti að niðurgreiða frí og ferðalög fyrir einn hóp umfram aðra. Bæjarráð hvetur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til að vinna með öllum tiltækum ráðum að því að lög þau sem hér um ræðir verði felld úr gildi.

**3. Tæknileg málefni:**

3.1. **Fyrirspurn frá A-listanum varðandi vígsluhátíð Hamarshallarinnar frá 14. ágúst 2012.**

Í fyrirspurninni er óskað svara við spurningum er varða fjölda sem dvelja má í Hamarshöllinni í einu, ennfremur er óskað eftir upplýsingum um hvort ákvörðun brunamálayfirvalda um hve margir megi dvelja í hýsinu samtímis muni liggja fyrir á vígsludag og ef svo er ekki hvort að brunamálayfirvöld hyggist gefa undanþágu frá uppgefnum fjölda á vígsludeginum og hvernig öryggi þeirra sem í hýsinu eru verði tryggt.

Meirihluti bæjarráðs samþykkir eftirfarandi:

Brunahönnun hússins liggur fyrir en umsögn Brunavarna Árnassýslu á henni hefur enn ekki borist. Á fundum sem haldnir hafa verið hefur komið fram að hámarksfjöldi í húsinu samtímis megi vera allt að 1.100 manns. Þar sem vígsla hússins mun fara fram á sunnudaginn kemur þegar verið haft samband við Brunavarnir Árnassýslu vegna hennar og hefur verið veitt undanþága frá 1100 manna hámarksfjöldanum í húsinu komi til þess að gestir þann dag fari umfram þann fjölda enda er slík undanþága alvanaleg þegar staðir eru opnaðir/vígðir enda er þá fjöldi gesta oftast nær langt umfram það sem daglega er reyndin. Brunavarnir Árnassýslu munu standa öryggisvakt í húsinu á meðan á vígslu stendur.

3.2. **Umsókn um rekstrarleyfi áfengisveitingastaðar frá 30. júlí 2012.**

Umsókn liggur fyrir frá Magneu Jónasdóttur þar sem hún sækir um leyfi til reksturs kaffihúss í flokki II í landi Vorsabæjar í Ölfusdal.

Bæjarráð samþykkir erindið.

3.3. **Umsókn um tækifærisleyfi frá 2. ágúst 2012.**

Umsókn liggur fyrir frá Formúlu 1 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna dansleiks þann 17. ágúst 2012.

Bæjarráð samþykkir erindið.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45.

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)